



Alþingi  
Erindi nr. P 128, 139,  
komudagur 28.2.2003

Akranes 25. 2. 2003.

SÝSLUMAÐURINN Á AKRANESI

Nefndarsvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Með bréfi dagsettu 21. febrúar sl. fór efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis fram á umsögn sýslumannsins á Akranesi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um erfðafjárskatt nr. 83/1984, mál nr. 398, flatur skattur.

Undirritaður hefur farið yfir frumvarpið og fagnar þeirri breytingu sem frumvarpið boðar. Annarsvegar verði lagður á flatur skattur á arf sem auðveldar álagningu og innheimtu skattsins auk þess sem breytingin upphefur mismunun á milli erfingja sökum sifjatengsla við arfláta. Hinsvegar verði skatturinn verulega lækkaður frá því sem áður var sem minnkar bæði skattbyrðar borgaranna og hættuna á undanskoti frá skatti.

Í greinargerð með frumvarpinu eru tvö atriði sem undirritaður vill gera athugasemdir við. Annarsvegar er sú fullyrðing um að erfðafjárskatti sé ætlað að standa undir kostnaði af skiptum dánarbúa. Í því sambandi ber þess að geta að meginhluti skipta á dánarbúum fara í einkaskipti þannig að erfingjarnir skipta með sér búinu og skila til sýslumanna skiptagerð og erfðafjárskýrslu til yfirferðar. Slík skipti útheimta því lítil afskipti hins opinbera. Við opinber skipti þarf að greiða til héraðsdómstóla tryggingu fyrir skiptakostnaði kr. 150.000,- en eignir dánarbúsins standa að auki til tryggingar skiptakostnaði sem stofnast af meðferð skiptastjóra á dánarbúinu. Auk erfðafjárskatts leggst á dánarbúin skiptagjald skv. lögum um aukatekjur ríkissjóðs sem eru nú kr. 5.700,-.

Hinsvegar er í greinargerðinni gerð grein fyrir útreikningi erfðafjárskatts út frá þeim grunnfjárhæðum sem voru í gildi þegar löggin voru sett 1984. Í 22. gr. laganna er kveðið á um að grunnfjárhæðir skulu breytast árlega og hlaupa nú á kr. 829.077,- sbr. reglugerð nr. 824/2002 í stað kr. 140.000,- sem tilgreindar eru í greinargerðinni.

Sýslumaðurinn á Akranesi

  
Olafur P. Hauksson.

